

Stakur nóttinni staldrar í
Sekur ómótt er
Minningin magnast óvild býr
í höfði þér
Kúldrast einn í kimunum
Kvöldið kraumar enn
Lygin lemur sama hvað
því segir þér
Fingur strjúka fölan svip
Fjandinn stal frá þér
Andlaus horfir austur að
og sunnu sér
Rotin lykt í rökkvi er
Rykugur og ber
blóðið myndar lækjarbotn
Er kvölin fer
Þeim er sama þú veist
Þeim er sama hver er
Belgir brjóst þitt kveikir bál
þá barinn niður og bælt þitt mál
Þeim er sama þú veist
Þeim er sama hver er
Léttur lyftist tekst á loft
Þá öxin fellur og höfði er hvolf